

**Ed.**

## **241. Frumvarp til laga**

um jöfnunarsjóð vinnulauna.

Flm.: Gísli Jónsson.

### 1. gr.

Skytt skal hverjum þeim, sem atvinnu rekur og kaupir 3000 dagsverk árlega eða meira, að stofna jöfnunarsjóð vinnulauna í sambandi við atvinnurekstur sinn og greiða til hans sem svarar 2% -- tveim af hundraði -- af þeirri upphæð, er hann greiðir í vinnulaun. Heimilt skal þó vinnuveitanda að greiða í jöfnunarsjóð allt að 10% -- tíu af hundraði --, ef hann sjálfur æskir þess. Skulu iðgjöldin greidd til sjóðsins á sama tíma og vinnulaunin.

Undanþegin þessu ákvæði eru ríkisstofnanir og sveitar- og bæjarfélög, nema að því leyti, sem þessir aðilar kynnu að reka atvinnufyrirtæki, svo sem sildarverksmiðju, útgerð, iðnað eða slíka atvinnu.

### 2. gr.

Sjóðinn skal geyma og ávaxta í tryggri peningastofnun eða verðbréfum, er sjóðsstjórnin ákveður, og stendur hann þar á nafni atvinnurekandans. Má aldrei téna fé hans í áhættufyrirtæki eða binda það svo, að það sé ekki jafnan handbært til jöfnunar vinnulauna, er þess telst þörf að dómi sjóðsstjórnar.

Fjármálum sjóðsins skal haldið aðskildum frá fjármálum atvinnurekandans. Iðgjöld öll færir hann þó árlega sem rekstrargjöld og sjóðinn sjálfan sem sérstakan lið á efnahagsreikningi. Skal hann láta fylgja með ársreikningum sínum til skattanefnda sérstakan rekstrar- og efnahagsreikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, undirritaðan af sjóðsstjórn og endurskoðendum. Iðgjöld til jöfnunarsjóðs eru frádráttarhæf til skatts og eignir hans eru skattfrjálsar.

### 3. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs skal skipa í hverju bæjar- og sveitarfélagi, eftir því sem þörf krefur. Skal hún skipuð 3 mönnum til 3 ára í senn þannig: einum samkvæmt tillögum stéttarfélaga vinnuveitanda, einum samkvæmt tillögum stéttarfélaga vinnuþiggjenda, einum stjórnskipuðum af félagsmálaráðherra, og er hann jafnframt formaður sjóðsstjórnarinnar.

Þóknun til sjóðsstjórnarmanna greiðist úr ríkissjóði.

### 4. gr.

Þegar deila ris á milli vinnuveitanda og vinnuþiggjenda út af kaupgjaldi og eigi næst samkomulag, svo að atvinnufyrirtæki stöðvast af þeim ástæðum, skal þetta tilkynnt sjóðsstjórn viðkomandi atvinnufyrirtækis, er þá þegar greiðir úr sjóðnum mismun þann, sem er á milli þess, sem atvinnuveitandi hefur boðið, og hins, er vinnuþiggjandi hefur krafizt, þar til samkomulag hefur náðst á milli aðila. Ef deilan hefur staðið það lengi, að  $\frac{1}{4}$  sjóðsins hefur farið í að greiða mismun þann, sem að ofan greinir, skal sjóðsstjórnin færa hámarksgreiðslur til vinnuþiggjanda niður í þurftarlaun og greiða úr því aðeins mismun á milli þeirra og þess, er vinnuveitandi hefur boðizt til að greiða. Sjóðsstjórnin ákveður hámark þurftarlauna. Sé nokkur ágreiningur um það innan sjóðsstjórnarinnar, sker Hagstofa Íslands úr um þau atriði.

Ekki er heimilt að stöðva vinnu vegna kaupdeilu svo lengi sem sjóðurinn innir af hendi miðlunargreiðslu eins og að ofan getur.

### 5. gr.

Þegar ástand það, sem um getur í 4. gr., ríkir á milli vinnuveitanda og vinnuþiggjanda, ber sjóðsstjórninni að kynna sér rekstrarafkomu þess fyrirtækis, sem rekið er með greiðslum úr jöfnunarsjóði. Komi það í ljós, að rekstrarafkoma vinnuveitanda er það góð, að dómi sjóðsstjórnar, að hann geti sjálfur innt af hendi hinar nauðsynlegu greiðslur, skal hann skyldur að hlíta þeim úrskurði.

### 6. gr.

Svo lengi sem fé er greitt úr jöfnunarsjóði samkvæmt 4. gr., greiðir viðkomandi vinnuveitandi ekki iðgjald til sjóðsins, en jafnskjótt og tekizt hafa samningar um kaupgjald, er hann aftur iðgjaldsskyldur samkvæmt 1. gr., enda stöðvast þá um leið greiðslur úr sjóðnum.

### 7. gr.

Þegar atvinnurekandi, sem á innieign í jöfnunarsjóði, hættir rekstri að fullu, fellur upphæðin öll í sameiginlegan jöfnunarsjóð vinnulauna. Leggur þá ríkissjóður þeim sjóði til jafnháa upphæð. Stendur sjóður sá að öllu leyti undir stjórn ráðuneytisins, og getur það leyft að nota fé úr honum til launauppbóta, ef viðkomandi jöfnunarsjóðir megna ekki að standa undir nauðsynlegum greiðslum til þess að forðast vinnustöðvun. Semur ríkisstjórnin reglugerð um það, hvornig fé skuli varið úr honum.

### 8. gr.

Fé má aldrei greiða úr jöfnunarsjóði eins atvinnurekanda til þess að forðast vinnustöðvun annarra aðila.

### 9. gr.

Eignir jöfnunarsjóða má ekki selja eða veðsetja né heldur gera í þeim fjárnám eða taka þær lögtaki fyrir skuldum atvinnurekanda.

### 10. gr.

Atvinnurekanda er heimilt að stofna jöfnunarsjóð samkvæmt lögum þessum af tekjum ársins 1942, en þá skulu greiðslur allar hafa farið fram fyrir 1. júní n. k.

Heimilt er og atvinnurekanda, ef hann æskir þess, að stofna jöfnunarsjóð samkvæmt 1. gr., þótt hann kaupir færri en 3000 dagsverk árlega.

#### 11. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 1000 –10000 kr. Sektirnar renna í hinn sameiginlega jöfnunarsjóð vinnulauna. Mál út af brotum á lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Þjóðinni er að verða það æ ljósara, hversu mikið tjón verkstöðvun leiðir yfir atvinnuvegina og landið í heild. Þegar slíkt ástand ríkir, eru það ekki einasta hinir stríðandi aðilar, atvinnuveitandinn og atvinnuþiggjandinn, sem verða bæði fyrir tjóni og margvíslegum óþægindum, heldur oft og mörgum sinnum einnig fjöldi annarra aðila, sem enga sök eiga á ástandinu og engu fá um það ráðið, hvort deilan leysist fyrir eða síðar, eða á hvern hátt hún leysist. Má t. d. benda á allan þann fjölda manna, sem líður fyrir brauðskort, ef verkstöðvun er á meðal brauðgerðarmanna, eða fyrir almennan skort á öllum sviðum, ef langvarandi verkstöðvun er á meðal þeirra manna, sem annast flutninga, bæði á sjó og landi, og þó er einmitt stefnt sem mest að því að fá sem flestar stéttir til þess að taka þátt í verkstöðvun af samúð með meðbræðrum sínum, þegar allt annað bregzt, og er þá hámarkinu náð, að deilan nái til sem flestra óviðkomandi aðila og geri þeim tjón.

Nú er það einnig ljóst, að vinnudeilur hér á landi hafa staðið vikum og mánuðum saman út af smámunum einum í samanburði við það tjón, sem þær hafa valdið, og að það hefur oft tekið hvorn aðila ár eða meira að vinna upp tapið vegna deilunnar, þótt einhverjar kjarabætur hafi fengið. Hitt hefur engum dulizt, að þjóðin hefur aldrei fengið sitt tjón endurgoldið. Þá er hitt og ljóst, að eftir að vinnustöðvun hefur skolið á, hefur oft verið mjög erfitt að fá aðila til þess að ræða málin af skilningi, einmitt vegna þess tjóns, sem vinnustöðvunin ávallt bakar þeim og verður því tilfinnanlegra, því lengur sem deilan stendur.

Frumvarpi því, sem hér er borið fram, er ætlað að bæta úr þessu ópolandi ástandi í atvinnulífi voru. Miðar það að því, að vinnuveitanda sé skylt að leggja fram árlega ákveðið gjald í sérstakan sjóð, sem nota skal til þess að greiða úr mismun þann, sem vinnuþiggjandi og vinnuveitandi koma sér ekki saman um og orsakar að öðrum kosti verkstöðvun, þegar ekki hefur náðst samkomulag. Sjóð þennan má á engan hátt nota til nokkurs annars, ekki taka hann lögtaki upp í skuldir né veðsetja hann fyrir nokkrum gjöldum. Hann er því raunverulega ekki eign fyrirtækisins nema að því leyti, sem nota má hann til tryggingar því, að rekstrinum sé haldið áfram, þegar það ástand ríkir, sem um er rætt í 4. gr., enda mælir 7. gr. svo fyrir, að sjóðurinn falli að fullu og öllu í sameiginlegan jöfnunarsjóð vinnulauna, þegar fyrirtæki hættir að fullu rekstri sínum. Leiðir af þessum fyrir-mælum þá sjálfsögðu ákvörðun, að tillög til sjóðsins séu undanþegin skatti til ríkis og bæja.

Það er ljóst, að það er nokkur vandi á því að ákveða, hvernig sjóðnum skuli varið í hinum einstöku tilfellum, en eftir nákvæmar athuganir má telja réttast, að á fyrsta stigi málsins sé sjóðurinn notaður til þess að greiða allan mismun þann, sem um er deilt á milli vinnuþiggjenda og vinnuveitenda. Hins vegar er þá jafnframt nauðsynlegt að fyrirbyggja það, að gerðar séu alveg sérstakar tilraunir til þess að eyða sjóðnum þannig, og miða kröfuna við það eitt, og því þykir rétt að takmarka þessar greiðslur við það, að eigi eyðist úr sjóðnum þannig meira en  $\frac{1}{4}$  eigna hans, og síðan sé upphæðin til vinnuþiggjenda færð niður í þurftarlaun, er

ákveðin séu af sjóðsstjórninni sameiginlega og af Hagstofu Íslands, ef um nokkurn ágreining er að ræða. Þá þykir og rétt að ákveða, að þegar slíkt ástand ríkir, sé sjóðsstjórninni heimilt að kynnast rekstrarafkomu vinnuveitanda, ekki einasta til þess á þann hátt að vernda sjóðinn, heldur og til þess að fyrirbyggja alla tortryggni frá hálfu vinnuþiggjenda um rekstrarafkomu fyrirtækisins.

Það þykir og nauðsynlegt að heimila iðgjöld til sjóðsins af tekjum ársins 1942, einukum og sér í lagi með tilliti til þess, að algerlega óvíst er um afkomu fyrirtækja í framtíðinni, en hins vegar fullvíst, að ýmsir erfiðleikar munu verða fram undan vegna árekstra í atvinnumálum.

Það þykir og rétt að benda á, að þrátt fyrir góðæri til lands og sjávar eru nú frystihúsin, sem er einn meginatvinnuvegur landsmanna, stöðvuð sem stendur, af þeim ástæðum, að atvinnurekendur þykjast ekki geta staðizt undir þeim útgjöldum, sem vinnuþiggjendur hafa tryggt sér með samningum, og mætti öllum vera ljóst, hve mikil þjóðargæfa það væri nú, ef þessi fyrirtæki hefðu átt sér slíkan sjóð, til þess með honum að komast yfir erfiðleikana og þannig forðast það stórkostlega tap, sem þjóðin líður við þessa stöðvun. En þetta er því miður aðeins eitt af mörgum dæmum, sem vænta má, að mæti þessum aðilum að stríðinu loknu, eða jafnvel miklu fyrr.

Með tilvísun til þess, að mál þetta er svo aðkallandi, er þess vænzt, að háttvirt Alþingi sjái sér fært að hraða framgangi þess, svo að það geti orðið að lögum á þessu þingi.